

72. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 19. september 2023, kl. 15:00 á fjarfundi.

Mættir: S. Guðrún Hauksdóttir formaður, Jón Kort Ólafsson, Ketill S. Jóelsson, Ida Semey fulltrúi kennara, Elísabet Ásgerður Heimisdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Íris Hauksdóttir mætti ekki og boðaði ekki varamann.

Dagskrá

1. Ársreikningur 2022

Elsa Guðrún Jónsdóttir fjármálastjóri kom á fundinn og gerði grein fyrir ársreikningi skólans fyrir árið 2022. Einnig fór hún yfir fjárhagsstöðuna fyrstu mánuði ársins.

2. Fundir vetrarins dagsettir

Skólameistari lagði fram dagsetningar fyrir skólanefndarfundi vetrarins. Miðað er við að fundir séu fjarfundir þriðja þriðjudag annan hvern mánuð, kl. 15. Síðasti fundur í maí er staðfundur. Fundarboð verða send út fyrir veturinn.

3. Kjör formanns

Tillaga kom um að S. Guðrún Hauksdóttir yrði formaður áfram. Samþykkt samhljóða. Lagt til og samþykkt að Dórópea Reimarsdóttir verði varaformaður.

4. Yfirlit yfir samninga í gildi

Skólameistari fór yfir þá samninga sem eru í gildi. Samningana má finna á heimasíðu skólans undir Samningar.

5. Sjálfsmat

Aðstoðarskólameistari gerð grein fyrir stöðu sjálfsmats skólans fyrir árið 2022-2023. Sjálfsmatsskýrsla skólans er í vinnslu og því ekki lögð fram hér. Vinnu við hana lýkur nú í vikunni og verður hún þá birt á vef skólans. Nefndarmenn munu fá póst þegar skýrslan verður til. Einnig verður farið yfir það helsta sem fram kemur í henni á næsta fundi.

6. Tengsl við atvinnulíf

Skólameistari fór yfir tengsl skólans við atvinnulíf. Hún nefndi sérstaklega aukin tengsl við Neon félagsmiðstöð og tengingu nemenda á starfsbraut við vinnustaði. Þá eru svo kallaðir fjarkar í húsinu, fólk sem hefur vinnuaðstöðu í skólanum. Nú eru tveir aðilar hér. - Lára nefndi að gott væri að fá hugmyndir frá nefndarmönnum í þessum efnum.

7. Önnur mál

Erlend samskipti

Ida fór yfir það sem framundan er í erlendum samskiptum. Hópur kennara er á leið til Ungverjalands á ECOMedia ráðstefnu. Þá er samstarfsverkefni með pólskum aðilum enn í gangi, kennarar frá þeim voru hér í síðustu viku og okkar hópur fer til Póllands í byrjun október. Von er á hópi í verkefnið *Becoming a biomaker school* sem er Erasmusverkefni. Þá er hópur á leið til Kaupmannahafnar í miðannarviku í

Erasmusverkefni sem fjallar um tengsl landanna og umhverfismál. Einnig er starfsfólk á leið á ýmsar ráðstefnur, m.a. á vegum samtakanna FLUID sem eru dönsk samtök sem skólinn hefur gengið í. Þetta eru samtök sem fjalla um menntun og kennslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.